

Ný skýrsla nefndar sem fjallað hefur um heimasölu afurða bænda

Nefnd sem hafði það hlutverk að athuga með hvaða hætti bændur gætu í vaxandi mæli selt afurðir sínar beint frá búum sínum hefur lokið störfum með útgáfu skýrslu um heimasölu afurða.

Skýrslan byggir á þeim lögum og reglum sem eru í gildi hér á landi og tekur mið af gildandi lagaumhverfi í nágrannalöndum okkar auk þess sem farið er sérstaklega yfir framkvæmd reglna í Noregi.

Skýrslan greinir frá því að í dag er í rauninni ekkert sem kemur í veg fyrir beina sölu bænda á afurðum sínum svo fremi sem bændur hafa tilskilin leyfi til sölunnar. Nefndin telur hins vegar að þær reglur sem slíka sölu varða séu óþarflega flóknar og íþyngjandi fyrir bændur.

Í skýrslunni eru lagðar fram átta tillögur sem beinast annars vegar að bændunum sjálfum og hins vegar að ríkisvaldinu.

Tillögurnar eru að meginefni til eftirfarandi:

1. Að ferðapjónustubændur og aðrir bændur sem vilja nýta sér heimasölu afurða, efli með sér samtök til þess að skilgreina

og fylgja eftir þeirri þörf sem hér virðist vera til staðar. Það myndi auðvelda mótun og framkvæmd samræmdra reglna auk þess sem það myndi auðvelda neytendum viðbrögð við afurðunum.

2. Að stjórnvöld og yfirumsjónaraðilar eftirlits flýti þeirri vinnu sem hafin er við að einfalda framkvæmd eftirlits með frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla þannig að margir aðilar séu ekki í eftirlitsferðum á sama staðinn.
3. Að kannaður verði með áhættumati grundvöllur tilslökunar á kröfu um gerilsneyðingu mjólkur og mjólkurvara þegar um milliliðalaus sölu frá frumframleiðanda til neytanda er að ræða. Áhættumatið verði framkvæmt af viðeigandi stofnunum og/eða aðilum sem hafa til þess sérfræðiþekkingu. Verði tilslökun heimiluð verði að því gætt að neytendur séu upplýstir um val sitt svo sem með greinargóðum merkingum á umræddum vörum.
4. Að stjórnvöld við mótun reglna gæti eðlilegs samræmis um heilbrigðis- og hollustukröfur á milli afurða að teknu tilliti til mismunandi (líffræði-, efnafræði- og örverufræðilegs) eðlis þeirra: kjöts og mjólkur, græn- og kornmetis, ávaxta, eggja, fiskjar og annarrar fæðu úr vötnum og sjó.
5. Að samtök bænda sbr. 1. tillögu gefi út handbók með öllum helstu upplýsingum um lög og reglur sem í gildi eru. Til þess fái þau atbeina yfirumsjónar- og samræmingaraðila, embættis yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar, er geri grein

fyrir því innan hvaða ramma þessi starfsemi er heimiluð og gefi ráð við gerð handbókarinnar.

6. Að þeim aðilum sem hefja vilja heimavinnslu og sölu afurða verði gefinn kostur á tilhlýðilegum námskeiðum um viðfangsefnið. Menntastofnanir landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli, þjóna hér mikilvægu hlutverki. Endurmenntunarsamningur Bændasamtaka Íslands við menntastofnanir landbúnaðarins er eðlilegur farvegur gagnvart starfandi ferðaþjónustuaðilum með þátttöku eftirlitsstofnana.
7. Að stjórnvöld og bændur leiti samninga um að ákveðinn hluti mjólkurframleiðslu verði heimilaður til nota í heimavinnslu. Þannig verði ákveðnum hluta mjólkurframleiðslunnar haldið fyrir utan búvörusamning milli ríkis og bænda. Í þessu sambandi er bent á þá framkvæmd sem tíðkast í Noregi.
8. Að samtökin sbr. 1. tillögu leiti eftir fjármunum til að standa straum af ráðgöf og þekkingarmiðlun um viðfangsefnið, t.d. með 5. ára verkefni sem verði á ábyrgð Bændasamtaka Íslands og/eða landbúnaðar- og umhverfisráðuneyta. Bent er í þessu samhengi sérstaklega á fjármagn samkvæmt búnaðarlagasamningi.